

AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti þann 14. september 2012 breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðisins Keflavíkurflugvallar vegna austurhluta skipulagssvæðis B – Fálkavöllur 1 og 2a. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér eftirfarandi:

- 1) Reitur fyrir eldsneytisafgreiðslu er staðsettur á lóðinni Fálkavöllur 2a. Eldsneytisafgreiðslan samanstendur af 2 áfyllingarplönum og dælueyjum ásamt neðanjarðargeymum fyrir allt að 80.000 l af eldsneyti svo og olíuskiljum sem byggja skal innan byggingarreits. Ekki er gert ráð fyrir öðrum byggingum ofanjarðar en plönum og dælubúnaði.
- 2) Legu núverandi öryggisgirðingar er breytt og hún sett í ný lóðarmörk þannig að eldsneytisafgreiðslan verður alfarið loftmegin (airside) á flugvellinum.
- 3) Umferðarkvöð er sett á lóðina Fálkavöllur 2.
- 4) Lóðin Fálkavöllur 1 er stækkuð, markaður byggingarreitur innan lóðar og sýnd tenging að flughlaði.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslagu nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Keflavíkurflugvelli, 14. september 2012.

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar,

Sigurður H. Ólafsson,
skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar – svæði A.

B-deild – Útgáfud.: 28. september 2012